

# Áfangalýsing - Enska



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2010

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ENS304 - lesskilningur – bókmenntir og ritun.

## Fjöldi eininga

4

## Undanfari

ENS204

## Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist aukinn orðaforða, þar sem athyglinni var frekar beint að undirstöðuþekkingu í málfræði, lesskilningi og stafsetningu í fyrri áföngum. Þeir textar sem nemendur lesa, leggja á minnið og tileinka sér eru úr köflunum í "A Taste of English" lesbókinni sem verður krufin til mergjar. Einnig þurfa nemendur bæði að skilja merkingu nýrra orða og orðasambanda og geta útskýrt þau á ensku. Við lesum greinar sem við nálgumst á Netinu en nemendur þurfa að tileinka sér margskonar upplýsingaöflun frá þeim miðli, svo sem notkun netorðabóka, málfræðiæfinga og skimun á margskonar frétttaefni frá erlendum fréttamiðlum, t.d. [www.bbc.co.uk](http://www.bbc.co.uk) og [www.cnn.com](http://www.cnn.com). Mikil áhersla er lögð á ritun.

Nemendur vinna bæði sjálfstætt og sinna hótverkefnum úr skáldsögum áfangans til þess að dýpka skilning þeirra á sögusviði skáldverksins og umfjöllunarefnar höfundar. Nánari rýni verður sinnt í kennslustundum. Einnig gera nemedur einstaklingsverkefni úr einni skáldsögu og myndbandsverkefni með öðrum aðilum. Einnig verður unnið að gerð myndbandsverkefna þar sem nemendur velja sér sögupersónu, dýpka hana og vinna með hana út frá samtímanum, þ.e. nemendur búa í rauninni til „nýtt svið“ í kringum persónu/persónur skáldsögunnar og sýna bekkjarfélögum.

# Áfangalýsing - Enska



## Kennslugögn:

- *A Taste of English, lesbók eftir Elísabetu Gunnarsdóttur.*
- *Námsefni af Veraldarvefnum og öðrum miðlum.*
- Skáldsögur: Cat on a hot Tin Roof; T. Williams, A Passage to India; E.M. Forster; Pride and Prejudice; Jane Austen.
- Efni frá kennara - kvikmyndir

## Námsmat:

Námsmat í áfanganum byggir á fjölbreyttum verkefnum úr ólíkum efnisþáttum. Við lok efnisþáatta verða lögð fyrir verkefni og kannanir 60%. Kvikmyndaverkefni og hópverkefni þar sem nemendur gera myndband á ensku og sýna bekkjarfélögum 20%, munnlegt próf 10% og sjálfsmat 10% í lok annar.

## Lokamarkmið áfanga:

# Áfangalýsing - Enska

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- helstu grunnhugtökum í bókmenntafræði
- almennum málfræðireglum og geti beitt þeim í rituðu máli
- þekki fjölbreytta bókmenntatexta
- skoði fjölbreytta texta og læri að meta gæði þeirra, m.a. enska söngtexta af Netinu
- sérkennum ensks talmáls sem talað er á mörgum ólíkum menningarsvæðum

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- kynna sér tiltekið efni og taka afstöðu til þess
- beita bókmenntahugtökum þar sem við á
- þjálfist í umræðum um það sem efst er á baugi í erlendum fjölmíðlum og komi skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- meta hvað sé góð eða slæm enska
- nota viðeigandi hjálparögogn við vinnslu og frágang verkefna
- afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- lesa sér til gangs og gamans, mismunandi tegundir ensks texta og fjalla um inntak þeirra
- tjá kunnáttu sína á ensku, bæði munnlega og skriflega

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka gagnrýna afstöðu til mismunandi efnispáttu og færni í að tjá sig á ensku
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna ólík tilbrigði við kynningu þeirra
- átti sig á mismunandi menningarbakgrunni fólks og verði þar af leiðandi umburðarlyndari
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á jákvæðan en gagnrýninn hátt
- túlka ólíka bókmenntatexta
- tjá afstöðu sína og efasemdir um viðfangsefnið og komast að niðurstöðu